

# Kæru íbúar Húnaþings vestra!



Á hverjum degi fellur til ótrúlegt magn úrgangs úr plasti í veröldinni. Þar eru framarlega í flokki hinir sívinsælu plastpokar. Talið er að árlega fari um 8 milljarðar plastpoka í ruslið í Evrópu. Á Íslandi eru árlega notaðir um 50 milljónir burðarpoka úr plasti og til þess að framleiða það magn af pokum þarf rúma 800 þúsund lítra af olíu.

Plastpokar og annar plastúrgangur er víða orðið alvarlegt umhverfisvandamál þar sem eyðingartími plastics í náttúrunni er mörg hundruð ár. Plastið er hættulegt dýrum og ýmis eitrefni úr því komast inn í lífkeðju náttúrunnar, bæði á landi og í sjó. Það hefur í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir lífríkið og umhverfið.

Breytingar á lögum um plastpoka eru í farvatninu í Evrópu;

*Evrópuþingið leggur til, að bannað verði að gefa plastpoka í verslunum og að eftir 2019 verði einungis heimilt að nota poka sem búnir eru til úr endurnýttum pappír eða niðurbrotanlegum efnum. Nú þegar hafa margar borgir og heilu löndin, þegar innleitt bann við notkun óniðurbrotanlegra plastpoka.*



**Umhverfisnefnd Grænfánaverkefnis Grunnskóla Húnaþings vestra, Umhverfisstjóri Húnaþings vestra og nemendur Grunnskólans, vilja leggja sitt að mörkum í báráttunni við plastið, með því að gefa fjölnota burðarpoka inn á öll heimili í Húnaþingi vestra.**

Kaupfélag KVH ásamt Sláturhúsi KVH og kvennabandinu sáu til þess með fjárstuðningi að hægt væri að gefa fjölnota burðarpoka og segul inn á öll heimili í Húnaþingi vestra. Styrktaraðilarnir fá bestu þakkir fyrir. Nemendur Grunnskólans sáu um myndskreytingar og hönnun seglanna, en tilvalið er að setja segulinn á ísskápinn til að minna á mikilvægi flokkunar.



*Drögum úr notkun plastpoka sem brotna ekki lífrænt niður.*

*Skilum öllu plastrusli reglulega til Hirðu*

*Hjálpum til við að minnka útbreiðslu óniðurbrotanlegra plastpoka*

*með því að hafa suma daga plastpokaþausa – t.d. föstudaga til að byrja með!*



Með einföldum aðgerðum og án mikillar fyrirhafnar ættum við öll sem eitt að geta tileinkað okkur fjölnota burðarpoka í stað mengandi plastpoka. Það er bæði ódýrara, þægilegra og umhverfisvænna. Einnig er nú víða hægt að kaupa plastpoka sem brotna lífrænt niður í náttúrunni. Það er mikilvægt að sá hugsunarháttur, að hafa meðferðis margnota innkaupanet eða taupoka þegar farið er í búð festi sig í sessi meðal almennings.

Tökum höndum saman í þágu plánetunnar, landsins okkar og komandi kynslóða.

Þetta er lítið og létt verk fyrir hvert okkar, en það mun gera verulegt gagn.



GRÆNFÁNINN



HÚNAÞING  
VESTRA



KVENNABANDIÐ